

20. nóvember.

193

Nr. 59

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lántíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskirteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.